Tillaga að ályktun um stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 27. og 28. október 2026 lýsir yfir þungum áhyggjum af ófullnægjandi fjarskiptasambandi á Vestfjörðum. Þrátt fyrir ítrekuð vilyrði um úrbætur og fyrri ályktanir Fjórðungsþings hefur lítið áunnist.

Víða á Vestfjörðum er farsíma- og gagnasamband enn ótryggt eða ekkert og dæmi eru um að staðan hafi versnað eftir lokun 3G-þjónustu. Slíkt sambandsleysi er alvarlegt öryggismál, ekki síst með tilliti til neyðarþjónustu, viðbragðsaðila og vegfarenda.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að stjórnvöld bregðist án frekari tafa við stöðunni, tryggi fullnægjandi farsíma- og neyðarsamband á Vestfjörðum og leggi fram skýra og tímasetta áætlun um nauðsynlegar úrbætur.

Greinargerð

Fullnægjandi farsíma- og gagnasamband er grundvallarþáttur í öryggi, búsetuskilyrðum og atvinnustarfsemi á Vestfjörðum. Þrátt fyrir ítrekuð vilyrði um úrbætur er samband enn ótryggt eða ekkert víða í landshlutanum og dæmi eru um að staðan hafi versnað eftir lokun 3G-þjónustu.

Sambandsleysi er alvarlegt öryggismál, einkum þegar kalla þarf eftir neyðaraðstoð, og getur tafið viðbrögð við slysum og öðrum neyðartilvikum. Þetta á ekki síst við á og við samgönguleiðir þar sem öryggi íbúa, vegfarenda og viðbragðsaðila er undir.

Brýnt er að stjórnvöld bregðist án frekari tafa við stöðunni og tryggi að nauðsynlegar úrbætur á farsíma- og neyðarsambandi á Vestfjörðum komi til framkvæmda.

Flutningsmaður: Hrafnhildur Þorsteinsdóttir fyrir hönd Strandabyggðar